

**Kæru gestir, leiðbeinendur og útskriftarnemar.**

**Í dag er stóri dagurinn í starfi Sjúkraflutningaskólans, dagurinn sem þið hafið stefnt að og markar alltaf þáttaskil, þið að klára námið ykkar, sum grunnnám og önnur lengra komin. Það er ávallt ánægjulegt að sjá nýjan hóp af útskriftarnemum og við tengjum þennan dag við vor og væntingar.**

**Skólinn útskrifar nú 229 nemendur eftir síðasta skólaár þar af eru 97 að fá grunnréttindi sem sjúkraflutningamenn EMT, 12 útskrifast með framhaldsmenntun AEMT og 120 vettvangsliðar EMR. Grunnámskeiðið er 260 klst, og þar af er starfsþjálfun 56 tímar, á sjúkrabílum og á bráðamóttöku. Samtals voru haldin 9 grunnnámskeið sl ár, 3 í Sandgerði, , tvö á Akureyri, tvö á Selfossi, eitt á Fáskrúðsfirði og eitt í Reykjavík. Námskeiðin voru bæði á haust og vorönn og byggjast á staðli og námsefni frá USA sem þýtt er og staðfært. Þess má einnig geta að af þessum 97 nemendum voru 28 sendir sendur á vegum rekstraraðila sjúkraflutninga en 69 kom á eigin vegum.**

**12 nemendur eru nú að ljúka framhaldsnámi í sjúkraflutningum, AEMT, Reynslan er sú að allflestir sem fara að vinna við sjúkraflutninga bæta þessu námi við sig enda gert ráð fyrir því í verkferlum. Þetta framhaldsnám byggir einnig á framhaldsnámi í Bandaríkjunum sem nefnt er EMT-Advanced og byggir á námsefni þaðan sem hefur verið þýtt og staðfært eins og grunnnámskeiðið og**

**vettvangsliðanámið líka. Framhaldsnáminu er skipt upp í fjórar lotur sem hver um sig er 80-120 tímar. , auk lokafærnimats. Frá síðustu útskrift hafa verið haldin 13 námskeið í lotum 1-4 auk lokafærnimats með samtals 123 þátttakendum. .**

**En síðast en ekki síst eru það vettvangsliðar en 120 nemendur hafa lokið 40 klst námi sem Vettvangsliðar (First Responders) sl. vetur. Það nám er ætlað þeim einstaklingum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkviliðs- eða björgunarsveitarmenn og aðrir skipulagðir hópar þar sem langt er í aðrar bjargir eða veita þarf sérstaka þjónustu áður en sjúkraflutningafólk kemur á vettvang. Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu.**

**10 slík vettvangsliðanámskeið hafa verið haldin frá síðustu útskrift, flest fyrir lögreglunema í Háskólanum á Akureyri en nú fá allir lögreglunemar menntun sem vettvangsliðar, en einnig námskeði fyrir Slökkviliðið í Grindavík, starfsmenn Isavia á Keflavíkurflugvelli auk starfsfólks Securitas sem sinna neyðarhnöppum. Vettvangsliðar skipa æ stærri sess í viðbragðsþjónustunni og eru mikilvæg viðbót. Menntun lögreglunema er mikil framför í öryggismálum og viðbragði þar sem víða eru lögreglumenn fyrstir á vettvang slysa og veikinda og geta þá hafið fyrstu aðgerðir meðan beðið er komu sjúkraflutningamanna og unnið með sjúkraflutningamönnum á vettvangi. Stefnt er að því að**

**Vettvangsliðanám verði einnig hluti af námi hlutastarfandi slökkviliðsmanna sem ekki sinna sjúkraflutningum.**

**Önnur verkefni sem skólinn sinnir er endurmenntun. Frá síðustu útskrift höfum við haldið 8**

**endurmenntunarnámskeið með samtals 87 nemendum.**

**Bæði er um að ræða ERC námskeiðin hafa verið í samstarfi við Evrópska endurlífgunarráðið og eru þá ILS og EPILS en einnig hefðbundin endurmenntunarnámskeið.**

**En nóg af tölum. Við fáum nánast daglega fréttir af stórum sem smáum slysum. Ekki eru margir dagar síðan síðasta hópslysið var þar sem reyndi á samvinnu og aðkomu margra viðbragðsaðila sem þurfa að vinna saman eins og ein smurð vél þegar á reynir. Eins og Guðni forseti sagði nú í viðtali nýlega, við erum dugleg að þræta og vera ósammála en þegar á reynir vinnum við saman sem ein heild! Samvinna ólíkra viðbragðsaðila víða af landinu, björgunarsveita jafnt sem atvinnumanna sýnir styrk okkar sem samfélags.**

**Banaslys hafa því miður verið of mörg það sem af er árinu og er ávallt eitt af því erfiðasta í okkar störfum að fást við, því við erum jú þjálfuð til að bjarga. Mikilvægt er að greina öll tilfelli og vera óhrædd að ræða hvað við getum gert til að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur. Það þarf að gera án þess að dæma og setja fram á réttan hátt. Við erum öll mannleg og gerum mistök og okkar helsta markmið sem manneskjur er að læra af okkar mistökum og annarra til að koma í veg fyrir að þau gerist aftur.**

**Við sitjum hérna í Flugsafni Íslands sem sett var á stofn í litlu flugskýli hér annarsstaðar á vellinum af nokkrum hugsjónamönnum. Hér blasir sagan við í hverju horni, bæði saga farþegaflugs en ekki síður björgunar- og sjúkraflugs. Frumkvöðlar og hugmyndasmiðir sem ekki alltaf eru sýnilegir hafa unnið hörðum höndum að því að móta þá þjónustu sem við teljum sjálfsagða í dag.**

**Mikilvægt er að við horfum ávallt á sjúkraflutninga sem hluta heilbrigðisþjónustunnar. Því þarf ávallt að horfa til þess hvernig við komum hinum sjúka/slasaða á sem öruggastan hátt í viðeigandi meðferð um leið og við horfum til þess hvaða meðferð þarf að veita fyrir flutning og í flutningi. Því miður virðist þessi þáttur oft gleymast í umræðum og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar, eins og hún eigi bara að fara fram innan sjúkrahúsa. Má í því sambandi minnst á umræðu um sjúkraflug, mikilvægi flugvalla og flugvallarþjónustu og staðsetningu þyrlupalla og ekki síður aðkomu sjúkrabíla, aðkomuleiðir og aðstaða til að koma sjúkrabílum á öruggan hátt að viðkomandi sjúkrahúsi.**

**Undirritaður sat í nefnd um stefnu í bráðaþjónustu til ársins 2030. Í kjölfar hennar gaf heilbrigðisráðuneytið út aðgerðaráætlun í málaflokknum. Þar kennir ýmissa grasa til eflingar bráðaþjónustu utan spítala, m.a. að kanna hvort grunnám sjúkraflutningamanna eigi heima í almenna skólakerfinu frekar en í sérskóla. Í kjölfarið fór fram**

**hæfnigreining á störfum sjúkraflutningamanna. Landsnefnd um mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks tók síðan við málinu og skilaði tillögum til ráðherra á síðasta ári.**

**Ráðherra ákvað í kjölfarið að fara þess á leit við**

**Menntamálaráðuneytið að nám sjúkraflutningamanna færi inn í almenna skólakerfið og að það verði samkeyrt með námi annarra heilbrigðisstétta og hefur**

**Sjúkraflutningaskólanum það verkefni að með**

**Fjölbrautarskólanum í Ármúla að því að útbúa námskrá fyrir nám Sjúkraflutningamanna. Einnig stendur til að skoða nýtt starfsheiti enda þykir núverandi starfsheiti langt, kyngreint og lýsir aðeins hluta af okkar störfum. Til stendur að þetta verði klárt fyrir skólaárið 2025-6. Jafnframt er gert ráð fyrir að núverandi Sjúkraflutningaskóli breytist þá í Mennta og starfsþróunarsetur sem sæi þá áfram um alla verklega kennslu og þjálfun auk endurmenntunar og námskeiða í Vettvangshjálp. Þetta er stórt skref og mun vonandi verða til að efla þjónustuna enn frekar. Við starfsmenn og leiðbeinendur skólans erum sannarlega tilbúnir í þessa vinnu og taka þátt í að þróa þjónustuna áfram.**

**Við fengum nýjan starfsmann í stöðu verkefnisstjóra í september þegar Sigurjón Valmundarson kom inn í stað Vals Halldórssonar, vil ég þakka Vali fyrir gott samstarf um leið og ég býð Sigurjón velkominn til starfa. Á SAk er nú verið að taka í notkun nýja kennsluaðstöðu sem vonandi á eftir að nýtast í kennslunni en Slökkviliðið hér eins og víða annars staðar hafa skotið yfir okkur skjólshúsi og erum við ákaflega**

**Þakklát fyrir þá samvinnu og velvild. Sama á við um aðra samstarfsaðila í húsnæðismálum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðissins, Slökkviliðs Fjarðarbyggðar, Brunavarna Árnassýslu, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Brunavarna Suðurnesja.**

**Kæru nemendur.**

**Þið eruð kannski ekki með lengsta námið miðað við marga aðra en klárlega er ykkar nám ekki minna mikilvægt og verkefnin sem þið eigið eftir að standa frammi fyrir verða örugglega hvorki auðveld né þægileg. En með þekkingu, þjálfun, rólegum huga og jákvæðu hugarfari er ég þess fullviss að þið eigið eftir leysa verkefni ykkar vel af hendi! Munið að sinna öllum skjólstæðingum eins og þið væruð að sinna ykkar nánustu. Það hefur engin kosið sér þá stöðu að leita eftir okkar þjónustu og við erum öryggisnet sem fólk treystir á þegar veikindi eða slys ber að höndum.**

**Mikilvægast í okkar þjónustu er að láta okkur annt um okkar skjólstæðinga! Það á að vera okkar markmið.**

**Ég vil að lokum þakka nemendum og leiðbeinendum skólans fyrir mjög gott samstarf, rekstraraðilum sjúkraflutninga, framkvæmdastjórn SAK, „sérfræðingaráðinu“ og fagraði sjúkraflutninga og allra þeirra sem hafa tekið á móti nemendum í starfsþjálfun og klínískt nám. Ég vil sérstaklega þakka umsjónarmönnum vettvangsnámsins, grunn og framhaldsnámsins fyrir frábært samstarf, umsjónarmönnum**

**endurmenntunar og samstarfsaðilum hjá Endurlífgunarráði,  
Mennta og starfsþróunarsetri lögreglu og Háskólanum á  
Akureyri**

Ingimar Eydal

Skólastjóri